

ÍBÚAR STJARNANNA OG VÉR HÉR Á JÖRÐU

I

Mér kom í hug er ég hlýddi á inngangsorð Knúts Arngrímssonar að lestri hans á sögu H. G. Wells, um stríðið milli stjarnanna, það sem Georg Brandes segir einhversstaðar um Wells, að hinar gáfulegu hugmyndir hans um framtíðina, séu laklega framsettar (middelmaadigt skrevne). Gat ég, þrátt fyrir aðdáun mína á Brandes, ekki varist þeirri hugsun, að ekki mundi Wells hafa fengið svo harðan dóm að hann væri ekki nema miðlungi ritfær, ef hann hefði verið Gyðingur, og jafnvel ekki, ef Brandes hefði verið kunnugt um, að frú Wells var af Gyðingaættum, og að vísu mikil merkiskona; heimili þeirra hjóna í Sandgate suður við Ermarsund var eitt af þeim yndislegustu sem ég hefi komið á, og það hefir réttilega verið sagt, að í svip heimilisins gæti áhrifa konunnar öllu meir en mannsins. En af H. G. Wells er það að segja, að hann mun vera í tölu allra ritfærustu manna sinnar samtíðar, og gæti ég jafnvel ímyndað mér, að Hala-stjörnusaga hans (*In the Days of the Comet*) sé hið mesta snilldarverk sinnar tegundar á enska tungu. Má þar heita að sé spásaga um tíðindi þau sem nú eru að gerast, og sögð með hinum mestu ágætum. En ekki hyggt ég að saga Wells af tilraun Marsbúa til að leggja jörðina undir sig, sé neitt nálægt því að vera rétt lýsing á slíkum heimsviðburði.

II

Í hinni frægustu bók, biblíunni, höfum vér stórfróðlega frásögn af tilraun frá annarri stjörnu til að ná undir sín yfirráð mannkyni jarðar vorrar. Stórhöfðingi á annarri jarðstjörnu notfærði sér það, hversu óvanalega var auðvelt um

samband við það fólk sem síðan var nefnt Ísraelslýður, til þess að ná á því tökum og forustu. Er stórmerkileg sagan um skýstólpann og eldstólpann sem Ísraelsmönnum sýndi leiðina á eyðimerkurför sinni, því að þar megum vér kenna veru frá annarri stjörnu, sem ekki komst lengra en þetta áleiðis með að gera sér líkama hér á jörðu. Stórhöfðingja þessum sem nefndur hefir verið Jahve, tókst að gera þetta eyðimerkurfólk sérstaklega að sinni þjóð, og kvaðst mundi gefa því yfirráðin yfir allri jörðinni. En hafi tilgangurinn verið sá, að nota Ísraelslýð til að koma öllu mannkyni jarðar vorrar á hina réttu framfaraleið, þá hefir sú tilraun ekki tekist, eins og kunnugt er. Því að nú er, eins og menn vita, af meiri ákafa og krafti og með víðtækari samtökum en nokkru sinni áður í sögu mannkyns vors, unnið að því að eyðileggja það sem áunnist hefir í menningaráttina, hin stórkostlegu hús, skip, vegi og samgöngutæki sem mennirnir hafa nú lært að gera, — að ógleymdum hinum óteljandi mannlífum.

III

Ekki megum vér samt láta oss til hugar koma, að hinir fullkomnari íbúar annarra stjarna hafi gefist upp við að reyna til að bjarga mannkyni þessarar litlu jarðstjörnu af vegi glötunarinnar; og eru þó síðustu forvöð, og allt undir því komið að þessi síðasta tilraun mistakist ekki. Nú er það raunar annar guð en Jahve, sem mikinn hug hefir á að styðja hina litlu íslensku þjóð til þess að eiga upptökin að hinni bjargandi stefnubreytingu. Liggur oss þar nú allt við, að oss auðnist að þiggja þá hjálp sem verið er að reyna til að veita oss. En ef það gæti orðið alþjóðar áhugamál, að koma hér upp stöð til sambands við lífið á stjörnunum, mundi ég telja víst að sigur mundi vinnast, og að vísu stærri en nokkru sinni hefir áður verið unninn hér á jörðu. Með því að reisa slíka stöð, væri hafin þessi mannkynsforusta hinnar íslensku þjóðar, sem svo fagurlega hefir verið fyrir spáð. Og þegar árangur slíks fyrirtækis færi að koma í ljós, en þess mundi

ekki langt að bíða, þá mundi skjótt koma upp, víða um jörð, mikill áhugi á að reisa slíkar stöðvar. En þó er ekki ólíklegt, að frumstöðin hér á Íslandi mundi fá nokkuð sérstaka þýðingu, líkt og hinn frægi helgidómur Forn-Grikkja í Delfoi.

25. jan. '42.